

Mosfellsbær
Lára Gunnarsdóttir
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 31. mars 2022
Tilvísun: 201911059 / 3.4

Efni: Deiliskipulag Hamraborgar, Mosfellsbær

Mosfellsbær hefur, með erindi dags. 1. mars 2022, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 12. desember 2021. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn, þann 23. febrúar 2022.

Í deiliskipulaginu felst um 2,6 ha svæði innan svæðis sem skilgreint er sem 120-lb í gildandi aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir 52 íbúðum í einbýlis, rað- og fjölbýlishúsum á 1-4 hæðum. Innan svæðisins stendur einbýlishús, Hamraborg.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 42. gr. þá ákvað Skipulagsstofnun að taka deiliskipulagið til nánari skoðunar og var sveitarsfélaginu tilkynnt um þá ákvörðun þann 11. mars 2022.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. júní 2021, með breytingum dags. 10. febrúar 2022 og á tveimur uppdráttum í mkv. 1: 1000 dags. 30. júní 2021.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins þar sem ekki er ljóst hvernig fyrirhuguð áform samræmast áherslum Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 m.s.br. fyrir þéttingarsvæði Borgarlínu, s.s. hvað varðar vistvæna ferðamáta, hjóla- og bílastæði, þéttleika og blöndunar byggðar og fleira.

Auk þess þarf í deiliskipulagsgögnum að gera grein fyrir umhverfisáhrifum sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og gr. 5.4 í skipulagsreglugerð.


Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir